Fjölbrautaskóli Suðurlands
vorönn 2019

# AVVI1MG03

| Kennari: | Sigurþór Leifsson | Sk.st. | SL |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:** Nemendur öðlast innsýn í umgengni á vinnustað þar sem fram fer viðhald véla og viðgerðir. Þeir kynnast verkfærum, tækjum og búnaði slíkra vinnustaða. Nemendur kynnast jafnframt grundvallarvinnubrögðum í viðhaldi og viðgerðum brunahreyfla og búnaðar sem þeim tengist. Þeir kynnast tilgangi og verkun gíra og annars algengs búnaðar til aflyfirfærslu.

**Undanfari:**

**Þekkingarviðmið:** Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- Helstu hluta brunahreyfla og gíra, nöfn þeirra og hlutverk.
- Nöfn algengra verkfæra og mælitækja, beitingu, meðferð og hirðingu þeirra.
- Hættur samfara vinnu við vélar og á vinnustað þar sem vélar eru meðhöndlaðar.
- Spilliefni sem notuð eru í og við vélar.
- Hættur sem stafa af spilliefnum og reglur sem lúta að meðferð þeirra.

**Leikniviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta:**

- Að haga störfum svo ekki stafi hætta af fyrir hann eða aðra.
- Lýst tilgangi og virkni helstu hluta brunahreyfla.
- Tekið í sundur á skipulagðan hátt einfalda vélahluta og sett rétt saman.
- Valið verkfæri sem hæfa því verki sem unnið er og beitt þeim rétt.

**Námsefni:** Vinnubók í aflvélavirkjun og efni frá kennara.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Vika nr | Dagsetning | Námsefni - viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|---|
| | | Vinna við vélar og vélahluti og mat á ástandi véla, viðhald og umhirða | Munnlegt próf í lok annar til að meta skilning og þekkingu |

**Sérreglur áfangans og námsmat:**

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við verkefni sem sett eru fyrir og skili fagbóklegum verkefnum. Verkleg verkefni 60%. Fagbókleg verkefni 20%. Umgengni 10%.Ástundun 10%.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**